

REGLUR LYKILS  
FJÁRMÖGNUNAR HF.

---

REGLUR UM TILGREINGU  
OG HÆFI  
LYKILSTARFSMANNA



## 1. Inngangur

Reglur þessar varðandi tilgreiningu og hæfi lykilstarfsmanna Lykils fjármögnunar hf. eru settar með vísan til ákvæða laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Jafnframt er höfð hliðsjón af sjónarmiðum sem fram koma í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna.

Með lykilstarfsmanni í reglum þessum er átt við *einstakling í stjórnunarstarfi, annan en framkvæmdastjóra, sem hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Lykils fjármögnunar hf.*

## 2. Stjórnunarstörf sem teljast til lykilarfa hjá Lykli fjármögnun hf.

Til lykilarfa teljast stjórnunarstörf þar sem viðkomandi hefur umboð til að taka ákvarðanir sem geta haft áhrif á framtíðarþróun og afkomu Lykils fjármögnunar hf.

Framkvæmdastjóri tekur ákvörðun um hvaða störf hjá Lykli fjármögnun hf. teljist *lykilstörf*. Þeir starfsmenn sem gegna viðkomandi störfum teljast *lykilarfsmenn* Lykils fjármögnunar hf. í skilningi reglna þessara.

Framkvæmdastjóri sér til þess að haldin sé skrá yfir framangreindar ákvarðanir. Þar skal geta hvaða störf teljast lykilstörf hjá Lykli fjármögnun hf., hvers vegna viðkomandi störf teljist til lykilarfa og hvaða starfsmenn gegni viðkomandi störfum.

## 3. Mat á hæfi lykilarfsmanna

Framkvæmdastjóri Lykils fjármögnunar hf. metur hæfi lykilarfsmanna áður en tekin er ákvörðun um ráðningu. Þó er heimilt að meta þekkingu viðkomandi á þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda og viðkomandi þarf að kunna skil á eftir að viðkomandi hefur hafið störf. Flytjist starfsmaður á milli lykilarfa metur framkvæmdastjóri hvort ástæða sé til að endurtaka hæfismat.

Líta skal til eftirfarandi atriða við mat á hæfi lykilarfsmanna:

- Hvort viðkomandi sé lögráða.
- Fjárhagsstöðu.
- Hvort viðkomandi hafi verið úrskurðaður gjaldþrota.
- Menntunar, þekkingar og starfsreynslu.
- Nauðsynlegrar þekkingar á þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda.
- Hvort viðkomandi sæti ákæru eða sakamálarannsókn.
- Hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm og þá hvers eðlis hann er.

Framangreind atriði skulu metin heildstætt með hliðsjón af því starfi sem um er að ræða, hæfni viðkomandi og orðspori Lykils fjármögnunar hf.

Eftirtaldar upplýsingar skulu almennt liggja fyrir við ákvörðun um ráðningu lykilarfsmanns.

- Útfylltur spurningalisti.
- Upplýsingar um hvort viðkomandi hafi hlotið refsidóm, t.d. sakavottorð.
- Upplýsingar um hvort viðkomandi hafi verið úrskurðaður gjaldþrota, t.d. búforræðisvottorð.
- Upplýsingar um hvort starfsmaður sé í vanskilum.

Framkvæmdastjóri getur kallað eftir frekari gögnum ef þurfa þykir.

Við gildistöku reglna þessara mun framkvæmdastjóri meta stöðu núverandi lykilarfsmanna.

Telji framkvæmdastjóri að aðili uppfylli ekki kröfur Lykils fjármögnunar hf. skal hann ákveða hvort viðkomandi verður boðið annað starf hjá félaginu, verði ekki ráðinn til starfa hjá félaginu eða honum gert að láta af störfum hafi hann þegar hafið störf.

#### 4. Upplýsingaskylda starfsmanna

Framangreint mat og upplýsingagjöf breytir engu um trúnaðarskyldur starfsmanna samkvæmt vinnurétti, s.s. varðandi upplýsingagjöf um atriði sem kunna að hafa áhrif á störf þeirra hjá félaginu.

Samþykkt þann 16. október 2017

